**skjóta** *so. sb.-2 – bjóða*
[skaut, skutum, skotið]

– hann skaut í mark

‡ • andskoti, skot, skjótur, jafnskjótt

**langt** *ao.*

– það er langt síðan að ég sá hann

‡ • langur, endilangur, lengi, lengd

**heima** *ao.*

– ég verð heima í kvöld

‡ • heimili, heimsókn, heimsækja, heimilisfang; heimur

**mót, (á) móti** *fs./ao. – þgf.*

– ég er á móti reykingum

‡ • mót (no), mótmæla » gagnvart

**ungling·ur** *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– margir unglingar hittast í bænum um helgar

‡ • ungur

**len·da** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– flugvélin lenti mjúklega

‡ • land, útlendur, erlendur

**slá** *so. sb.-6 – fara*
[sló, slógum, slegið]

– hún sló í borðið

‡ » berja, lemja

**ben·da** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– hún bendir á villuna

‡

**skap** *hk. – hús Ö*
[-s, sköp]

– ertu í vondu skapi?

‡

**frétt** *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– engar fréttir eru góðar fréttir

‡ • frétta » skýrsla

**pening·ur** *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– hún erfði mikið af peningum

‡ peningr

**öxl** *kvk. – mynd Ö*
[axlar, axlir]

– hún yppti öxlum

‡ ǫxl » herðar

**ólík·ur** *lo. – gulur*
[-, -t]

– mikið eru tvíburarnir ólíkir!

‡ úglíkr « líkur (lo), eins

**hlý·r** *lo. – gulur J*
[-, -tt; -rri, -jastur]

– þetta er mjög hlý úlpa

‡ • hlýja » heitur « svalur

**fín·n** *lo. – gulur S*
[-, -t; -ni, -astur]

– mikið ertu í fínum fötum!

‡ • fíngerður

**eld·ur** *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– eldur kom upp í húsi við Laugaveg

‡ eldr • elda, eldfjall, eldgos, eldhús